

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðarlóðar og svæðis fyrir ferðaþjónustu og frístundabyggð í landi Vínlands, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 6. september 2006, deiliskipulag fyrir íbúðarlóð, ferðaþjónustu og frístundabyggð í landi Vínlands, Fljótsdalshéraði. Deiliskipulagið felur í sér að gert er ráð fyrir skiptingu svæðisins í þrjár lóðir: 3.600 m<sup>2</sup> íbúðarlóð, 2,58 ha lóð til skógræktar og 3,57 ha lóð fyrir ferðamannaþjónustu/frístundabyggð. Stefnt er að því að á síðastnefndu lóðinni geti risið allt að 15 stök hús til útleigu fyrir ferðafólk, auk þriggja gestastofa og eins þjónustuhúss.

*Fljótsdalshéraði, 15. apríl 2007.*

**Ómar Þröstur Björgólfsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2007